

**Guðbjörn Jónsson**  
*Ráðgjöf og réttargreining*

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 140/167*  
*komudagur 15.11.2011*

**Umsögn um**  
**Þingskjal 9 – 9. mál, 140. löggjafarþings**

**Frumvarp til laga**

um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu, nr. 38/2001.

Flm.: Guðlaugur Þór Þórðarson, Árni Johnsen, Jón Gunnarsson,  
Kristján Þór Júlíusson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Ragnheiður Ríkharðsdóttir,  
Unnur Brá Konráðsdóttir, Einar K. Guðfinnsson.

1. gr.

“2. og 3. málsl. 5. mgr. 18. gr. laganna orðast svo: **Við ákvörðun endurgreiðslu eða útreikning á stöðu skuldar skal draga frá upphaflegum höfuðstól þær fjárhæðir sem inntar hafa verið af hendi fram að uppgjörstegi í vexti, hvers kyns vanskilaálögur og afborganir.**<sup>(1)</sup> **Fjárhæðin sem eftir stendur skal vaxtareiknuð samkvæmt ákvæðum 1. mgr. og án þess að heimilt sé að leggja vexti við höfuðstólinn, sbr. 12. gr.**”<sup>(2)</sup>

(1) Líta verður á að þarna er gert ráð fyrir að auk afborgana, skuli gera upptækar greiðslur ýmissa kostnaðarliða, eins og vaxta, og hugsanlegs vanskilakostnaðar, til niðurgreiðslu höfuðstóls láns. Þarna væri á ferð lögskipuð eignaupptaka, sem líklegt er að lánastofnanir myndu krefjast bóta á úr ríkissjóði á grundvelli 72. gr. stjórnarskrár. Með þessu er fólk sem greitt hefur reglulega gjalddaga, eins og lánastofnunin innheimti þá, svipt réttinum til fullnaðarskila á hverjum gjalddaga.

(2) Hvað segir í 1. mgr. um vaxtareikning. þar segir: **“Ef **samningsákvæði um vexti eða annað endurgjald fyrir lánveitingu eða umlíðun skuldar eða dráttarvexti teljast ógild skal peningakraftan bera vexti skv. 1. másl. 4. gr., enda eigi önnur ákvæði þessarar greinar ekki við. Hið sama á við ef samningur kveður á um verðtryggingu skuldar samhliða vaxtaákvæðum, og annað tveggja er ógilt, og skulu þá bæði ákvæði samningsins um vexti og verðtryggingu fara eftir því sem kveðið er á um í 4. gr. og því sem greinir nánar í þessari grein.**”** -

Er raunveruleikinn sá að samningsákvæði um vexti séu ógild í lánasamningum sem voru gengistryggðir? Nei, svo er ekki. Í upphafi 4. gr. laga nr. 38/2001 segir svo:

**“Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin..”**

Í öllum þeim gengistryggðu lánasamningum sem undirritaður hef séð, er tiltekinn hundraðshluti (**vaxtaþrósent**) skráð og vaxtaviðmið er í öllum tilvikum tiltekið. Upphaf 4. gr. laga nr. 38/2001 á því ekki við ef lán taki hefur staðið það vel við lánasamning að lánveitandi hefur ekki gjaldfellt lánið og rift lánasamningnum.

Þinglýstir lánasamningar sem ekki hafa verið gjaldfelldir eða rift, með úrskurði til þess berra opinberra aðila, eru í fullu gildi og engin lagasetning getur breytt því, þar sem lög almennt, mega ekki virka aftur fyrir þá dagsetningu sem þau eru staðfest af

forseta. Geri lög ráð fyrir að ná til gjörninga sem gerðir hafa verið fyrir gildistöku laganna, getur verið um eignaupptöku að ræða, sem ríkissjóður er bótaskyldur fyrir.

Óvissa í sambandi við gengistryggðu lánin skapaðist vegna mistaka dómara í héraðsdómsmálinu nr. E-4787/2010, en sá dómur var kveðinn upp þann 23. júlí 2010. Hvaða mistök er hér verið að tala um?

Í Hæstaréttardómi nr. 153/2010, er afar skýrt komist að þeirri niðurstöðu að óheimilt sé að verðtryggja útlán út frá viðmiði við tiltekið gengi erlendra gjaldmiðla. Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 12. febrúar 2010, sem Hæstaréttardómur 153/2010 staðfesti, er tekin afgerandi afstaða til svona samninga sem heildar. Þar segir svo: **(Allar leturbreytingar eru höfundar þessara skrifa)**

*“Núgildandi vaxtalögum var ekki ætlað að þrengja það hugtak og auka heimildir til tengingar við erlenda gjaldmiðla. Lögnum var þvert á móti ætlað að útiloka að skuldbindingar í íslenskum krónum væru tengdar erlendum gjaldmiðlum. Tenging skuldbindinga við gengi erlendra gjaldmiðla telst því verðtrygging í skilningi VI. kafla laga nr. 38/2001. Enda þótt lögin kveði ekki beinlínis á um bann við því að binda skuldbindingar í íslenskum krónum við gengi erlenda gjaldmiðla þá þykir samkvæmt framanrituðu sýnt að með þeim hafi verið felld úr gildi heimild til að tengja skuldbindingar í íslenskum krónum við erlenda gjaldmiðla. Óhjákvæmilegt er að líta til vilja löggjafans við túlkun laganna. Grundvöllur verðtryggingar samkvæmt samningi aðila, þ.e. ákvæði 4. og 7. gr. samningsins um gengistryggingu, er því í andstöðu við VI. kafla laga 38/2001 og því ógild. Skiptir þá hvorki máli hvort eftirlitsaðilar, eins og Seðlabanki og Fjármálaeftirlit, hafi vitað af samningunum og ekki gert athugasemdir né lögbundin úrræði eða samkomulag stjórnvalda við fjármálafyrirtæki til að létta greiðslubyrði fólks í svipaðri stöðu og stefndi, eins og stefnandi byggir á. Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.”*

Með þessari niðurstöðu héraðsdómara þann 12. febrúar 2010, að lánasamningur aðila sé ekki ógildur í heild sinni heldur sé ákvæðið um gengistryggingu það eina sem ógilt er.

Vert er að vekja athygli á því að í Hr.-dómi 153/2010 staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdómara að gengistryggðir lánasamningar séu í fullu gildi að öðru leyti en því að verðtrygging með gengisviðmiði sé ógild. Það getur ekki annað en þýtt að vaxtakjör, lánsupphæð, lánstími og afborganir séu allt skuldbindandi ákvæði í báðar áttir.

Í héraðsdómi E-4787/2010 er einnig fjallað um gjaldfelldan bílasamning, verðtryggðan með gengisviðmiði. Í öllum meginatriðum er sá samningur byggður á sömu forsendum og sá samningur sem Hæstiréttur dæmdi gildan að öllu öðru leyti en að verðtrygging samkvæmt gengisviðmiði væri ógild.

Í samantekt dómara í málinu E-4787/2010 segir eftirfarandi:

*“Af hálfu stefnanda er byggt á því að í ljósi framangreindrar niðurstöðu Hæstaréttar um gengistryggingu í samningi aðila séu vaxtaákvæði ógild þar sem það hafi verið forsenda vaxtaákvörðunarinnar að lánið væri gengistryggt en sú forsenda hafi verið röng og því brostið.”*

Á það ber að líta, í þessu samhengi, að það eru lánafyrirtækin sjálf sem ákveða vextina, sem eru endurgjald til þeirra fyrir lánveitinguna. Það fjármagn sem lánað er mun í afar litlum mæli vera EIGN lánveitanda. Í flestum tilfellum er um að ræða endurlán á lánsfé sem lánveitandinn

tók að láni. Ákvæði verðtryggingar getur því í raun ekki með nokkru móti talist ENDURGJALD til lánveitanda vegna lánveitingar.

**Lánveitandinn tekur sjálfur ákvörðun um vaxtakjör lánsins. Ætlast verður til þess að lánveitandinn þekki til þeirra laga sem um starfsemi hans gilda.** Þess vegna verður að telja að lánveitanda hafi verið ljós sú hætta sem hann skapaði sjálfum sér með því að binda verðtryggingu við gengi erlendra gjaldmiðla, en það var óheimilt samkvæmt lögum nr. 38/2001. Með því að verðtryggja höfuðstól lánsins með gengisviðmiði, setti lánveitandinn sjálfan sig í þá áhættu að geta ekki endurgreitt það lánsfé sem hann endurlánaði í umræddu láni.

Áhættan varðandi vaxtaþáttinn var hins vegar engin. Lánveitandinn greiddi tvímælalaust lága vexti af því lánsfé sem hann tók og endurlánaði. Í öðru lagi ber að líta til þess að **hundraðshluti vaxta** breytist ekkert þó gengibreyting hækki fjárhæð höfuðstóls. Vísitöluhækkun höfuðstóls í íslenskum krónum, leiðir af sér álíka fjárhæð í vexti og hefðu komið af hinu erlenda fjármagni sem endurlánað var. Fyrst lánveitandinn treysti sér til að lána hið erlenda lánsfé sitt á vöxtum lánasamningsins, var einnig ljóst að breyting á neysluvísitölu varð meiri en gengisbreytingar. Af þeim ástæðum fékk lánveitandinn hærri fjárhæð vaxta í íslenskum krónum, þó gengistrygging hins erlenda höfuðstóls væri úrskurðuð ógild.

Dómari málsins E-4787/2010, gefur ekki upp neinar forsendur fyrir því að ganga gegn Hæstréttardómi nr. 153/2010. Sá dómur var um að samskonar lánasamningur og var í málinu E – 4787/2010, væri að öllu öðru leyti gildur, ef frá væri talið ákvæðið um verðtryggingu höfuðstóls með gengisviðmiði. Dómari E-4787/2010 segir eftirfarandi:

*“Ákvæðið samhengi er milli vaxta og grunns verðtryggingar og er fallist á það með stefnanda að umsamdir vextir hafi verið ákvarðaðir með hliðsjón af gengistryggingunni, sem nú hefur verið dæmd óheimil. Um er að ræða lága vexti, svonefnda Libor vexti, sem taka mið af gjaldmiðlum í myntkörfu lánsins.”*

Rétt er það hjá dómara að um var að ræða Libor vexti, en hver ástæða er fyrir því að dómari sleppir að nefna álagsprósentuna? Verður það að teljast til óvandvirkni, ef leyta átti að réttlátri niðurstöðu. Til hliðsjónar hefði mátt nefna að bankastofnanir höfðu verið að lána á sambærilegum vöxtum. Slíka vexti hefði lánveitandinn ekki geta boðið af innlendum innlánnum. Innlánavextir bankanna voru líklega hærri en útlánavextir af hinu erlenda lánsfé.

Allt bendir þarna til að dómari sé farinn af stað í eidi merkurgöngu, leitandi í eigin hugskoti að einhverjum forsendum til að styðja kröfu stefnanda. Framhald rökstuðnings dómarans fyrir niðurstöðu sinni bendir eindregið til þess, en þar segir svo:

*“Þykir ljóst að gengistryggingin hafi af hálfu lánveitanda verið ákvörðunarástæða þess að samið var um framangreinda vexti, auk þess sem telja verður að um hafi verið að ræða verulega forsendu umsaminnna vaxta.”*

Hvaða forsendur skyldi dómari hafa fyrir þessum hugrenningum sínum. “Þykir ljóst” er opin vísbending um algjöra gagna- og rökfærslulausa **ágiskun dómara**. Þarna er ekki vísað til neinna gagna frá stefnanda þessu til stuðnings. Í ljósi þess að vextir, annars vegar og verðtrygging hins vegar, eru í eðli sínu og lögum tvö ótengd fyrirbæri, eins og að framan er rakið, vantar allar forsendur fyrir þessum tilgreindu hugrenningum dómarans. Og áfram segir svo í greiningu dómarans fyrir niðurstöðum sínum:

*“Í 7. gr. samningsins segir að fram komi bæði í fyrirsögn hans og í 4. gr. hvort hann sé verðtryggður, óverðtryggður eða gengistryggður. Liggur því fyrir að stefnandi bauð lán*

*með þrenns konar kjörum og er ljóst að um vexti fer eftir því hvort samið var um einhvers konar verðtryggingu eða ekki og jafnframt að vextir voru ekki þeir sömu þegar um var að ræða annars vegar gengistryggingu og hins vegar það, sem í 7. gr. samningsins er nefnt verðtrygging.*”

Þarna kemur skýrt fram að lánveitandinn hafði á boðstólum fyrirfram ákveðin lánaform, sem hvert fyrir sig byggði á tilteknum skilmálum, sem lánveitandi setti sjálfur. Þess vegna gat lánaflokkunin komið fram í fyrirsögn formsins að lánasamningnum. Því er það alveg rétt sem dómari segir að það: **Liggur því fyrir að stefnandi bauð lán með þrenns konar kjörum.**

Í ljósi þessa skilnings dómarsins, er síðasta setningin í tilvitnuðum kafla úr niðurstöðum hans dálítið merkileg. Þar segir eftirfarandi:

*“Verður því að telja, að stefnda hafi verið fullljóst að umrætt lán frá stefnanda bæri vexti sem tækju mið af umsaminni verðtryggingu í erlendri mynt.”*

Út frá hvaða forsendum verður að telja lántakann vita um rekstrarforsendur þeirra lánastofnunar sem hann tekur lán hjá? Dómari hefur greinilega engar haldfastar heimildir fyrir niðurstöðu sinni. Þess vegna er allar forsendur dómarsins í ágiskunarformi; hvorki með tilvísun í lagaforsendur né lögmæt gögn. Í greinargerð lántaka segir svo um vaxtaþáttinn:

*“Í dómi Hæstaréttar (153/2010) felist, að samningurinn standi að öðru leyti en því að ákvæði hans um gengistryggingu séu ógild. Þar sem önnur ákvæði samningsins séu ekki ógild, gildi ákvæði hans um vexti. Þar af leiðandi beri að dæma mál þetta þannig, að stefnda verði gert að greiða af óverðtryggðum og ógengistryggðum höfuðstól lánsins í samræmi við gild vaxtaákvæði samningsins, 4,34% eða breytilega Libor vexti með 2,9% álagi.”*

Athygli vekur hér, þar sem lánveitandi hefur haldið því fram að vextir af hinu endurlánaða erlenda láni hafi verið svo lágir að til skaða yrði. Þarna kemur hins vegar fram að vextirnir, með álaginu samtals 7,24%, eru þokkalegir vextir á íslenskan mælikvarða. Áreiðanlega er því ekki rétt hjá lánveitandanum að hann skaðaðist af lágum vöxtum. Skaði sem hann telur sig geta orðið fyrir er af völdum aðstæðna sem sköpuðust vegna glæfralegs glannaskapar lánveitanda, sem og annarra lánastofnana, sem lántakinn átti engan þátt í að skapa. Það er því bersýnilega andstætt lagareglum að sá sem veldur sjálfum sér og öðrum tjóni, fái það bætt frá þeim sem hann olli tjóni.

En lítum áfram á forsendur dómarsins fyrir niðurstöðu sinni. Þar segir eftirfarandi:

*“Að þessu virtu og með hliðsjón af efni umrædds samnings er ljóst að aðilar hafa við gerð hans (samningsins) tekið mið af því að lánið yrði verðtryggt með ákveðnum hætti og að jafnframt yrðu greiddir vextir sem tækju mið af umsaminni gengistryggingu sem dæmd hefur verið óheimil.”*

Þarna er enn á ferðinni huglæg ágiskun dómarsins, því ekki verður ráðið af kröfugerð lánveitanda, að lántaki hafi verið eitthvað með í ráðum um lánakjör, hvorki vexti né gengistryggingu. Raunveruleikinn, sem vel var þekktur, var sá að lánveitandinn auglýsti lán með þeim kjörum sem í téðum lánasamningi gilda. Þar átti lántakinn ekkert val um skilmála. En áfram segir í forsendum dómarsins:

*“Vegna þessara forsendna, sem taldar verða verulegar og ákvörðunarástæða fyrir lánveitingunni og báðum aðilum máttu vera ljósar, en reyndust vera rangar, verður að fallast á það með stefnanda að samningur aðila bindi hann ekki að því er vaxtaákvörðunina varðar. Á stefnandi því rétt á, að stefndi greiði honum þá fjárhæð, sem*

*ætla má að aðilar hefðu ellegar sammælt um, án tillits til villu þeirra beggja. Þykja hvorki neytendasjónarmið né staða aðila við samningsgerðina breyta þeirri niðurstöðu.”*

Það verður að segjast eins og er að mjög sjaldgæft er að sjá dómara ganga svo í berhögg við nýlegan dóm eigin dómstóls í nákvæmlega samskonar máli eins og hér er gert. Forsendur dómans eru yfirfullar af ósannindum, hlutdrægum rangsnúningi forsendna og huglægum ágiskunum dómara um hugsanlegar aðstæður. Dómarinn lítur augljóslega á lántakann sem “sérfræðing” í lánaviðskiptum og lánveitandann sem algjört fórnarlamb í höndum ósvífins sérfræðings.

Dómarinn fullyrðir án rökstuðnings eða gagna sem styðja það álit, að **báðum aðilum máttu vera ljósar** forsendur þess að lánveitandinn var að bjóða og veita lántaka lán sem var óheimilt að veita samkvæmt íslenskum lögum. Sannað er að lánveitandinn braut lög með athæfi sínu en hvergi er greinanlegt í kröfugerð lánveitanda, að lántaki hafi verið meðvitaður um að lánasamningur þeirra væri brot gegn starfsleyfi lánveitanda og íslenskum lögum.

Enn undarlega er að dómari skuli komast að þeirri niðurstöðu *með stefnanda, að samningur aðila bindi stefnanda ekki að því er vaxtaákvörðunina varðar*. Þess hefði mátt vænta, að dómara væri kunnugt um að lánastofnanir hafa lagaskyldu um að birta lánakjör sín. Slik lánakjör eru ekki samningsatriði í sambandi við lánveitingar til almennra lántaka/neytenda. Sé dómari svo ókunnugur íslensku viðskiptalífi, eins og fram kemur í forsendum fyrir niðurstöðum hans, gæti hann beinlínis talist hættulegur í íslensku réttarfari. En lítum áfram á forsendur dómans fyrir niðurstöðu sinni, en þar segir:

*“Stefndi heldur því fram í greinargerð, að hann hafi nú þegar greitt upp andvirði umrædds samnings án þess að rökstyðja þá fullyrðingu frekar. Engin gögn liggja þessari málsástæðu til grundvallar og verður því ekki fallist á kröfu stefnda um sýknu.”*

Nokkuð athyglisvert. Margítrekað hefur dómarinn tekið afstöðu með lánveitandanum, án þess að lánveitandinn hafi beinlínis lagt þá kröfu fram, eða rökstutt hana að neinu leyti. Þó úrskurðar dómarinn lánveitandanum í hag, út frá eigin hugrenningum.

Og áfram segir svo í forsendum dómans:

*“Í greinargerð mótmælir stefndi viðgerðarkostnaði og sölulaunum samkvæmt uppgjöri stefnanda með þeim rökum að sá kostnaður hafi verið ákveðinn einhliða af stefnanda án samráðs við stefnda. Kröfugerð stefnanda fær að þessu leyti stuðning í gögnum málsins, bæði í samningi aðila sem og reikningum vegna viðgerðarkostnaðar og sölulauna og er ekkert fram komið í málinu að öðru leyti sem bendir til þess að kröfugerðin sé röng. Er þessum mótmælum stefnda því hafnað.”*

Er það alveg rétt hjá dómara að EKKERT hafi komið fram í málinu sem bendi til þess að kröfugerðin um viðgerðarkostnað sé röng? Í greinargerð lántaka segir eftirfarandi um þessi atriði:

*“Loks mótmælir stefndi viðgerðarkostnaði og sölulaunum samkvæmt uppgjöri stefnanda, enda hafi sá kostnaður verið einhliða ákvarðaður af hálfu stefnanda og án alls samráðs við stefnda.”*

Af þessu virðist ljóst að lánveitandinn hafi brotið rétt á lántaka, þar sem honum var ekki gefinn kostur á að hafa fulltrúa sinn viðstaddan skoðun bilsins. Að dómari skuli sniðganga svona mikilvæg mannréttindi er alvarlega en svo að það verði látið liggja í þagnargildi. En lítum áfram á forsendur dómara fyrir niðurstöðu sinni. Þar segir eftirfarandi:

“Við mat á því hvernig ákvarða beri þá fjárhæð, sem stefnda ber að greiða stefnanda samkvæmt framansögðu, verður að lita til þeirra atriða sem lágu til grundvallar samningum aðila umrætt sinn. Fram er komið og ljóst af ákvæðum 7. gr. samningsins, að stefnandi bauð neytendum lán með þrenns konar kjörum, þ.e. óverðtryggð, verðtryggð eða gengistryggð. Aðilar máls þessa sömdu um gengistryggingu og því ljóst að þeir gengu út frá því að lánið yrði verðtryggt með ákveðnum hætti. Bæði í aðalkröfu og annarri varakröfu stefnanda er gert ráð fyrir vöxtum samkvæmt gjaldskrá stefnanda, í aðalkröfu af verðtryggðri kröfu en í annarri varakröfu af óverðtryggðri kröfu í íslenskum krónum. Þessu hefur stefndi mótmælt sérstaklega enda hafi honum hvorki verið kynnt sú gjaldskrá né um þau kjör samið. **Fallist verður á þau sjónarmið, enda er ekkert fram komið um að vextir samkvæmt gjaldskrá stefnanda hafi verið kynntir stefnda eða að um þá hafi verið samið.** Að þessu virtu og með hliðsjón af sjónarmiðum um neytendavernd verður ekki fallist á það með stefnanda, að við vaxtaákvörðun verði tekið mið af gjaldskrá stefnanda eins og krafist er í aðalkröfu hans og annarri varakröfu. **Verður því kröfum stefnanda á þeim grundvelli hafnað þegar af þeirri ástæðu.**

Eins og áður er komið fram, verður að lita svo á að aðilar hafi ætlað sér að tengja samninginn ákveðinni verðvísitölu sem í þessu tilviki var gengisvísitala. Vegna þessa byggir stefnandi fyrstu varakröfu sína á því að miða beri við að samningsfjárhæð sé verðtryggð og beri verðtryggða vexti **samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.** Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að stefnda stóðu til boða lán frá stefnanda með þrenns konar kjörum, þ.e. óverðtryggð, verðtryggð og gengistryggð. Ekki verður fullyrt um hvort stefndi hefði kosið að taka verðtryggt lán eða óverðtryggt. Þykir því með vísan til grunnraka samningaréttarins um sanngirni, sem og til neytendasjónarmiða, sem m.a. koma fram í 36. gr. c laga nr. 7/1936, að skýra þann vafa stefnda í hag og miða við þau samningskjör sem eru **honum hagsfelldari.** Er óumdeilt að samningskjör miðað við verðtryggt lán eru stefnda óhagsfelldari en þau kjör sem miðast við óverðtryggt lán. Af því leiðir að hafna ber fyrstu varakröfu stefnanda. Þá verður ekki séð að þriðja varakrafa stefnanda um Reibor vexti eigi sér stöð í samningi aðila og verður því heldur ekki á hana fallist.

Að öllu framanrituðu virtu er það niðurstaða dómsins að við úrlausn málsins verði að lita til ákvæða 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga nr. 38/2001 og reikna vexti af umræddu láni til samræmis við þá vexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum af nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. sömu laga. “

Það er afar athyglisvert að við úrlausn þessa dómsmáls, sem er vegna lánasamnings sem í öllum meginatriðum er eins og lánasamningurinn í málinu nr. E-7206/2009. Það mál var einnig dæmt í sama dómstólnum, Héraðsdómi Reykjavíkur þ. 12. febrúar 2010. Sá dómur hljóðaði upp á **að einungis gengisviðmiðun væri ógilt en: “Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.”** Eins og þarna kemur fram, var vaxtaákvæði lánasamningsins í málinu E-7206/2009 ekki dæmdur ógildur þar sem hann uppfyllti að öllu leyti lagaákvæði um slíka samninga.

Í niðurstöðum sínum í því máli sem hér er til skoðunar, nr. E-4787/2010, lítur dómariinn ekki til nýlega gengins dóms (E-7206/2009) við sama héraðsdóm. Dóm sem Hæstiréttur hafði þ. 16. júní 2010 staðfest óbreyttan. Dómarin í málinu E-4787/2010, telur sig þurfa að vísa til: **“ákvæða 4. gr., sbr. 3. gr., vaxtalaga nr. 38/2001 og reikna vexti af umræddu láni til samræmis við þá vexti, sem Seðlabanki Íslands ákveður.”**

Í 4. gr. laga nr. 38/2001 segir eftirfarandi:

*“Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin, skulu vextir vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtrygðum útlánunum hjá lánastofnunum og birtir skv. 10. gr.”*

Eins og glögglega má lesa í forsendum dómara fyrir niðurstöðu sinni, leitir hann stuðnings við niðurstöðu sína í 4. gr. laga nr. 38/2001. Á það ber hins vegar líta, að ákvæði 4. gr. laga nr. 38/2001 eiga ekki við um lánasamning þann sem dómari er að fella dóm um. Ákvæði 4. gr. á við um lánasamninga þar sem í samninga vantar hundraðshluta vaxta eða vaxtaviðmið. Hvorugur þessara þátta á við um lánasamning þann sem dómari er að dæma. Hér að framan kom fram að vextir samningsins voru *4,34% eða breytilega Libor vexti með 2,9% álagi.* Dómari hefur því ekki lagastofð fyrir niðurstöðu sinni, þar sem hann vísar til lagagreinar sem á ekki við efni þess máls sem hann er að dæma.

Þegar lítið er til þess hve málflytningur lögmanns lánveitanda er ómarkviss, verður að teljast undarlegt hve dómari eltir hans sjónarmið, þó hann sé að verja lánastofnun sem um árábil hefur stundað visvitandi lögbrot við lánastarfsemi sína og að lánasamningur sá sem dómari á að dæma um, var eitt af mörgum lögbrotum lánveitandans af sama meidi.

### *Greinargerð lögmanns lánveitanda*

*“Stefnandi lítur svo á að með dómum Hæstaréttar Íslands hafi því verið slegið föstu að sambærilegir kaupleigusamningar séu allir í íslenskum krónum og skuli því láta þeim kjörum sem um slíka samninga hafa verið gerðir.”*

Hvergi í dómi Hæstaréttar nr. 153/2010, sem lögmaður stefnanda rangtúlkar þarna herfilega, **er því slegið föstu**, að fyrst lánasamningurinn sé í íslenskum krónum, **skuli hann láta þeim kjörum sem um slíka samninga hafa verið gerðir.** Þvert á móti staðfestir Hæstiréttur ákvörðun héraðsdómara í því máli, að: *“Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.”*

Líklega er þetta nú með því djarfara sem ég hef séð lögmann láta frá sér fara. Ljóst var að flestar lánastofnanir landsins voru stórkostlega brotlegar við lög og starfsleyfisskilyrði vegna gengistrygððu lánanna. Loksins þegar þetta athæfi var lagt fyrir dómstóla, var lögbrotabátturinn dæmdur ógildur **en aðrir þættir lánasamningsins dæmdir gildir, þar með talin vaxtakjör.**

Þar sem í hlutverki brotaaðila var lánastofnun sem hafði afkomu sína af því að lána út fjármuni annarra, var ljóst að ekki væri stætt á því að dæma lánasamninginn ógildan sem heild. Eðli málsins samkvæmt stafaði það af tvennu. Annars vegar af því að allir aðrir þættir lánasamningsins voru innan marka lagaheimilda og voru því ekki brotlegir. Hins vegar hefðu hinir raunverulegu eigendur fjármagnsins, sem lánveitandinn endurlánaði, hugsanlega getað krafist skadabóta ef allur samningurinn hefði verið dæmdur ógildur og fjármunirnir tapast vegna þess. En lítum á framhaldið úr greinargerð lögmannsins:

*“Stefnandi byggir á því að þar sem Hæstiréttur Íslands hafi komist að þeirri niðurstöðu varðandi sambærilega samninga, að gengistrygging þeirra hafi verið óheimil og lán til stefndu í þeim málum hafi verið í íslenskum krónum, þá séu önnur kjör samnings aðila einnig ógild og forsendur brostnar fyrir þeim vöxtum sem taka mið af gengistryggingu lánsins.”*

Ekki er hægt annað en að velta fyrir sér ástæðu þess að lögmaður lánveitandans fer visvitandi með rangt mál í greinargerð sinni. Er það virkilega ekki refsivert að ljúga með beinum og

ósvífnunum hætti til um niðurstöður ædsta dómstígs þjóðarinnar? Gat verið að lögmaðurinn hefði einhverjar sérstakar ástæður til að ætla að hann fengi engar ákúru fyrir **að segja beinlínis ósatt um úrskurð Hæstaréttar**, sem staðfesti dóm héraðsdóms í viðkomandi máli?

Engin ástæða var til fyrir lögmanninn, að halda því fram að líta mætti svo á að allir aðrir þættir lánasamningsins væru ógildir, fyrst gengistryggingin var úrskurðuð ógild. Loka niðurstaða héraðsdóms, í hinu tilvitnaða máli, var eftirfarandi: *“**Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.**”* Þarna kemur það skýrt fram að lánasamningurinn sem verið var að dæma, var talinn gildur að öllu öðru leyti en gengistryggingarákvæðinu. Lítum nánar á greinargerð lögmanns:

*“Samningarnir beri einnig með sér að ætlunin hafi verið að tengja þá ákveðinni verðvísitölu, í þessu tilviki gengisvísitölu, og sé því eðlilegt að tekið verði tillit til hækkana eftir íslenskum vísitölum eins og þær séu heimilaðar með lögum nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.”*

Enn afbakar lögmaður stefnanda dómnsniðurstöðu ædsta dómstígs þjóðarinnar. Ljóst ætti að vera að, ef Hæstarétti hefði þótt *eðlilegt að tekið verði tillit til hækkana eftir íslenskum vísitölum*, hefði rétturinn látið þess getið en ekki staðfest úrskurð héraðsdóms um að: *Samningurinn væri á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.* Líklega gerir lögmaðurinn sér enga grein fyrir hvað hann er að segja með þessu. Hann er með mál fyrir sama dómi og hann lýgur af ótrúlegri ósvífnu til um niðurstöður dómara þar í öðru máli af sama stofni. Í því máli var þegar búið að dæma gengistryggingarþátt slíkra lánasamninga ógilda. Að ljúga fyrir dómi, sjálfum sér og/eða umþjóðanda sínum til hagsbóta, á að vera talið refsivert. Það ætti tvímælalaust og undanbragðalaust að vera það, þegar lánastofnanir taka sig til við **fjöldalögbrot af þessu tagi**.

En lögmaður lánveitanda fer hins vegar fram á að umþjóðandi hans **fái ekki refsingu fyrir lögbrotið**, heldur fái hann umþjóðanda sínum (lánveitandanum), **dæmd hagstæðari vaxtakjör en voru sett í lánasamninginn**. **Lánveitandinn átti sem sagt að hagnast á því að upp hafði komist um lögbrot hans** og að það lögbrot var nú fyrir dómi. Og sú varð raunin í niðurstöðum dómarans.

Lítum aðeins nánar í greinargerð lögmanns lánveitandans. Þar segir svo:

*“Stefnandi byggir kröfur sínar á þeirri málsástæðu, að almennt sé lítið svo á að samningsaðili eigi ekki að geta hagnast óeðlilega vegna atvika sem leiði til þess að gerningur sé ógildanlegur, þar með talið til að öðlast rétt sem sé í engu samræmi við þær forsendur sem gengið hafi verið út frá við gerð samningsins.”*

Athugum þetta aðeins nánar. Í næstu málsgrein hér á undan fer lögmaðurinn fram á að héraðsdómari **sniðgangi úrskurð Hæstaréttar, dæmi vaxtaákvæði samnings hans ógilt** og að lánveitandanum verði **dæmdir hærri vextir en tilgreindir voru í lánasamningi**. Þetta gæti á einföldu máli talist vera að **samningsaðili sé að hagnast á lögbroti sínu**. En svo kemur algjör þversögn við þetta í næstu málsgrein á eftir, þar sem lögmaðurinn segir: *“að almennt sé lítið svo á að samningsaðili (í þessu tilviki lánveitandinn) eigi ekki að geta hagnast óeðlilega vegna atvika sem leiði til þess að gerningur sé ógildanlegur...”* Dómaranum virðist hins vegar yfirsjást þessi tilmæli lögmannsins, þar sem hann dæmir umþjóðanda lögmannsins (lánveitandanum), **umtalsvert betri vaxtakjör en var í lánasamningnum**. Lítum á enn eina tilvitnun í greinargerð lögmanns lánveitandans en þar segir eftirfarandi:



*“Ef láninu sé breytt í íslenskar krónur og vextirnir miðaðir við erlendar myntir sé ljóst að stefndi sé að tryggja sér umtalsvert lægri fjármögnun en öðrum aðilum stóð til boða á þeim tíma sem samningurinn var undirritaður og gengið var út frá við gerð sammingsins. Þeir vextir séu auk þess úr takti við allan raunveruleika varðandi íslensk lánakjör og geti ekki gilt í uppgjöri aðila þessa máls.”*

Athyglisvert hvernig hann byrjar þessa setningu. *“Ef láninu sé breytt í íslenskar krónur...”* Láninu var ekki breytt í íslenskar krónur. Lánveitandinn sjálfur skráði það í lánasamninginn í íslenskum krónum. Hann ákvað líka sjálfur vaxtakjör sín af því að lána þessar íslensku krónur. Engu þurfti því að breyta í lánasamningnum, aðeins fella niður gengisviðmið verðtryggingar; það eina sem var ólöglegt í samningnum.

### Tvö samskonar mál, tvær ólíkar niðurstöður sama dómstóls.

Hér hafa verið bomar saman tvær niðurstöður samskonar mála, bæði rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Bæði málin fara fyrir Hæstarétt á sama árinu og báðir héraðsdómarnir eru staðfestir þar. Þeir fjalla báðir um samskonar lánasamninga, en eru með gjörólíkri niðurstöðu. Lítum á það á eftir, en fyrst skulum við líta á héraðsdómana.

Hér er um að ræða héraðsdóma nr. E – 7206/2009, við Héraðsdóm Reykjavíkur, dæmdur af Áslaugu Björgvinsdóttur, setts héraðsdómara. Lögmaður stefnanda Sigurmar K. Albertsson. Dómurinn er afburða vel unninn og færð góð rök fyrir öllum niðurstöðum.

Hinn dómurinn sem um ræðir er nr. E- 4787/2010 við Héraðsdóm Reykjavíkur, dæmdur af Arnfríði Einarsdóttur, héraðsdómara. Lögmaður stefnanda Sigurmar K. Albertsson. Þessi dómur er afar sérstakur. **Vægast sagt illa unninn.** Forsendur og niðurstöður dómara að mestu huglægar vangaveltur og í öllum meginatriðum gengið fram hjá fyrri niðurstöðum sama dómstóls, í sömu atriðum, **án þess að fyrra dómsins sé getið í samantekt dómarans.** Niðurstöður þessa dóms fá ekki staðist gagnvart þeim grundvallarreglum réttarfars sem hér hafa gilt, eins og rakið hefur verið hér að framan.

### Áfrýjað til Hæstaréttar:

Báðum málunum var vísað til Hæstaréttar. Í fyrra málinu E – 7206/2009, sem fékk í Hæstarétti númerið 153/2010, eru dómarar eftirtaldir aðilar. *“Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ingibjörg Benediktsdóttir, Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.”*

Samdóma álit þeirra var birt og kveðið upp þ. 16. júní 2010. Niðurstaðan var:  
**“Héraðsdómur skal vera óraskaður.”**

Í seinna málinu E – 4787/2010 sem fékk í Hæstarétti númerið 471/2010, eru dómarar eftirtaldir aðilar. *“Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ingibjörg Benediktsdóttir, Árni Kolbeinsson, Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.”*

Samdóma álit þeirra var að kveðið upp 16. september 2010. Niðurstaðan var:  
**“Héraðsdómur skal vera óraskaður.”**

Hér er komin upp nokkuð sérstök staða. **Tveir ólíkir dómar sama héraðsdóms um samskonar efni. Hæstaréttur staðfestir, á sama árinu, báða héraðsdómana, skipaður sömu dómurum í bæði skiptin. ??????** Eitthvað er hér í gangi sem ekki stenst – **réttláta málsmeðferð. ?????** En lítum á forsendur dómara Hæstaréttar fyrir þessari seinni niðurstöðu sinni, sem er hrein andhverfa fyrri niðurstöðu þeirra.

Í samantekt dómara segir svo: **(Leturbreytingar eru höfundar þessara skrifa)**

*“Í áður nefndum dómum Hæstaréttar 16. júní 2010 var sem fyrr segir komist að þeirri niðurstöðu að ógilt væri ákvæði um bindingu fjárhæðar láns í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla í samningum, sem hliðstæðir voru samningnum sem mál þetta varðar. Sú niðurstaða var reist á því að slík gengistrygging bryti í bága við ófrávikjanlegar reglur laga nr. 38/2001, en var hvorki byggð á ákvæðum laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa með síðari breytingum né ólögfestum reglum fjármunaréttar um ógildingu samninga. Eins og að framan er rakið er óumdeilt að vextir af láni samkvæmt samningi aðilanna áttu að taka mið af meðaltali svonefndra LIBOR vaxta af lánum í japönskum yenum og svissneskum frönskum á þeim degi, sem samningurinn var gerður, að viðbættu 2,9% álagi. Þá er ljóst að aðaláfrýjanda var samkvæmt 4. gr. og 7. gr. samningsins heimilt á lánstímanum að láta þessa vexti taka breytingum til samræmis við breytingar á LIBOR vöxtum af lánum í þessum erlendu myntum á hverjum tíma. Vextirnir voru þannig tengdir beint við vexti á millibankamarkaði í London af lánum í þeim myntum, sem hin ógilda gengistrygging samkvæmt samningi aðilanna miðaðist við. Í þessu sambandi verður að gæta að því að fullljóst er að slík vaxtakjör af láninu gátu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess, sem nú liggur fyrir að óheimilt hafi verið að kveða á um.”*

Þarna fatast dómurinum flugið. Ef það var: *fullljóst að slík vaxtakjör af láninu gátu ekki komið til álita nema í tengslum við gengistryggingu þess*, hvers vegna staðfestu þá **þessir sömu dómara, þremur mánuðum fyrr**, í héraðsdómsmálinu E – 7206/2009, eftirfarandi niðurstöðu þess dóms sem sagði: *“**Samningurinn er á hinn bóginn ekki ógildur í heild sinni eins og stefndi heldur fram.**”* Þarna staðfesta **þessir sömu dómara Hæstaréttar** að allir aðrir þættir lánasamningsins, fyrir utan gengistrygginguna, séu í fullu gildi.

Hér í þessum dómi, **þremur mánuðum síðar**, eru þeir á þveröfugri skoðun án eðlilegrar skýringar á umsnúningi álits síns. Hvað þýðir þetta þá. Er fyrri dómurinn ógildur vegna þess að þessir sömu dómara höfðu rangt fyrir sér þá? **Er einhver trygging fyrir því að þeir hafi réttara fyrir sér í þessum dómi?** Hér er greinilega komin fullkomin óvissa.

En lítum á hvað segir meira í samantekt dómara í málinu. Þar segir eftirfarandi:

*“Einnig verður að líta til þess að eftir að ákvæði í samningnum um gengistryggingu hefur verið metið ógilt eru skuldbindingar gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda að öllu leyti í íslenskum krónum og algerlega óháðar þeirri tengingu við japönsk yen og svissneska franka, sem aðilarnir gengu út frá við gerð samningsins.”*

Hvað skyldu Hæstaréttardómaramir vera að reyna að segja með því sem þarna er vísað til? Eru þeir að reyna að tengja sama verð/gengis tryggingu höfuðstóls við vaxtaþáttinn og gera þannig verðtryggingu höfuðstóls að einskona vaxtaviðbót lánveitanda en ekki verðtryggingu á höfuðstól fjármagnseigandans? Eða eru þeir að segja að vaxtafótur sé í verðtryggingunni? Sé það svo, er mikil leiðrétting fyrir höndum í verðtryggingarmálum hér á landi. En ég held að dómaramir séu þarna að reyna að tileinka sér einhver hugtök **til að þjóna öðru en réttlætinu**.

Þeim sést yfir þá staðreynd að í lánasamningnum eru allar upphæðir færðar í íslenskum krónum. **Lánið VAR því alla tíð, að öllu leyti, í íslenskum krónum. Í lögum nr. 38/2001 er hvergi bannað að reikna vexti af íslenskum krónum með viðmiðun af erlendri mynt og Libor vöxtum.** Af því leiðir að héraðsdómari í málinu E – 4787/2010, sem og Hæstaréttardómara í þessu máli, **höfðu því ekki lagaheimildir til að dæma vaxtafyrirkomulag lánasamningsins ógilt.**

Í forsendum dómara í héraðsdómi segir að: *“Í 4. gr. samningsins segir að samningurinn sé gengistryggður og að allar fjárhæðir hans séu bundnar erlendum/innlendum myntum og taki mið af þeim á hverjum tíma.”* Á öðrum stað segir í forsendum dómara héraðsdóms eftirfarandi: *“Jafnframt er þar mælt fyrir um að leigugjaldið taki breytingum á gengi og vöxtum samkvæmt 7. gr. samningsins.”* Og einnig. *“Er síðan rakið í ákvæðum 7. gr. samningsins hvernig með skuli fara í hverju tilviki fyrir sig.”*

Af þessu er ljóst að ákvæði verð/gengis tryggingar er í 4. gr. lánasamningsins en útreikningur vaxta er í 7. gr. Því verður ekki með góðu móti haldið fram að beint og órofið samband sé á milli verð/gengis tryggingar annars vegar og vaxtaþáttar hins vegar. Vextirnir heyra undir allt aðra grein lánasamningsins.

En hvað segja dómara Hæstaréttar meira í samantekt sinni:

*“Þegar virt er að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna er ógilt og bein og órjúfanleg tengsl eru samkvæmt framansögðu milli þess ákvæðis og fyrirsmála þar um vexti er hvorki unnt að styðjast við þau fyrirsmáli óbreytt eftir orðanna hljóðan né gefa þeim með skýringu annað inntak, enda liggur fyrir í málinu að á millibankamarkaði í London hafa aldrei verið skráðir LIBOR vextir af lánum í íslenskum krónum. Vegna þessa er óhjákvæmilegt að ógildi ákvæðisins um gengistryggingu leiði til þess að láta verði með öllu fram hjá ákvæðum samningsins um vaxtahæð.”*

Mér er ómögulegt, kurteisinnar vegna, að setja þau orð á blað sem átt gætu við þessa framanrituðu tilvísun í samantekt dómara. Einhvern veginn get ég hvergi í reglum eða lögum um dómstóla fundið skyldur þeirra til að tryggja skaðlausa útkomu þeirra sem af ásetningu og til að afla sér viðskipta, brjóta þau lög sem um starfsemi þeirra eru sett. En það er einmitt það sem dómara þessa máls gera. Í upphafi framangreindrar tilvitnunar segir svo: *“Þegar virt er að ákvæðið um gengistryggingu í samningi aðilanna er ógilt”*...

Hvaðan kemur Hæstarétti skylda til að **VIRÐA það lögbroti til tekna að ákvæði um gengistryggingu sé ógilt???** Það var ólöglegt að gengistryggja lánasamninginn. Það vissi lánastofnunin, við útgáfu lánasamningsins, vegna þess að lög um vexti og verðbætur eru **grundvallarlög** í starfsemi lánastofnana. Að Hæstiréttur landsins skuli láta það sjást eftir sig, að sömu dómara og þremur mánuðum fyrr, höfðu dæmt gengistryggingu ólöglega og ógilda, **skuli NÚ, þremur mánuðum síðar, telja sig þurfa að VIRÐA slíkt lögbrot til réttarbóta.** Og á hvern hátt ætla þeir að VIRÐA þetta lögbrot, lögbrotum til hagsbóta. Lítum á framhaldið:

*“..og bein og órjúfanleg tengsl eru samkvæmt framansögðu milli þess ákvæðis og fyrirsmála þar um vexti”*

Hvaðan skildu þeir hafa þetta með **bein og órjúfanleg tengsl** milli gengistryggingar og vaxta? Í lánasamningnum virðist fjallað um gengistrygginguna í 4. gr. samningsins en vextirnir séu útfærðir í 7. gr. samningsins. Ef gripið er niður í samantekt dómara héraðsdóms um þessi atriði, kemur eftirfarandi fram um gengistryggingu og vexti. Þar segir svo:

*“Er síðan rakið í ákvæðum 7. gr. samningsins hvernig með skuli fara í hverju tilviki fyrir sig.”*

Ekki verður betur séð en að eðlileg skil séu þarna á milli gegnistryggingar sem verðbótar á höfuðstól láns og hins vegar á vöxtum, sem umbun fyrir umliðan lánsins.

*“Í samningnum 21. nóvember 2007 var ekki mælt fyrir um að skuldbinding gagnáfrýjanda við aðaláfrýjanda ætti að fylgja breytingum á visitölu neysluverðs, svo sem aðaláfrýjandi hefur lagt til grundvallar í aðalkröfu sinni og fyrstu varakröfu, og er hvorki unnt að gefa samningnum það inntak með skýringu né geta lög leitt til þeirrar niðurstöðu.*

*Í samningnum var ákveðið að skuld gagnáfrýjanda bæri vexti. Með því að þar greindum fyrirmælum um hæð þeirra verður samkvæmt framansögðu ekki beitt er óhjákvæmilegt að líta svo á að atvik svári hér til þess að samið hafi verið um að greiða vexti af peningakröfu án þess að tiltaka hverjir þeir skyldu vera.”*

Ein af grundvallarreglum dómara er að fella aldrei úrskurð út frá hugarleikfimi eða ímynduðum aðstæðum. Í þessu máli er allt of mikið af slíku í héraðsdómi málsins. Í setningunni hér fyrir ofan, taka dómarar þessa máls í Hæstarétti heldur betur á flug, að því er virðist út fyrir alla efnisþætti málsins og gera ímyndarþátt sinn að veruleika málsins.

Þeir byrja á að segja: *“Í samningnum var ákveðið að skuld gagnáfrýjanda bæri vexti.”* Svo halda þeir áfram og segja: *“Með því að þar greindum fyrirmælum um hæð þeirra verður samkvæmt framansögðu ekki beitt”...* Ef þetta er sagt með venjulegri framsetningu málsins okkar, segja þeir þarna að lánasamningurinn geri ráð fyrir að af skuldinni sé greidd tiltekin prósentu í vexti. Þar sem fyrirmæli um vaxtaþrósentu sé fyrir hendi í lánasamningnum, verði fyrirmælum samningsins um prósentutölu vaxta ekki beitt. Þarna verður dómurum Hæstaréttar verulega á í messunni. Hér framfarir í þessum skrifum er þetta ritað:

*“Þeim (dómurum Hæstaréttar) sést yfir þá staðreynd að í lánasamningnum eru allar upphæðir færðar í íslenskum krónum.”* Lánið VAR því alla tíð, að öllu leyti, í íslenskum krónum og þannig í raun reiknaðir vextir af íslenskum krónum. Í lögum nr. 38/2001 er hvergi bannað að reikna vexti af íslenskum krónum með viðmiðun af erlendri mynt og Libor vöxtum. Slíkt má framkvæma þannig að við gjalddaga er staða lánsins í íslenskum krónum, borin saman við gengi tiltekings gjaldmiðils, Libor vextir þess gjaldmiðils fundnir. Við þá vaxtaþrósentu er bætt álaginu og heildarvextimir reiknaðir út og breytt í íslenskar krónur.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, fer ekkert á milli mála að vaxtafyrirmæli lánasamningsins voru ekki í neinni blindgötu þó gengistryggingin væri dæmd ógild. Þetta leiðir hins vegar í ljós að héraðsdómari í málinu E – 4787/2010, sem og Hæstaréttardómarar í þessu máli, höfðu ekki réttarfarslegar forsendur til að dæma vaxtafyrirkomulag lánasamningsins ógilt.

Ekki verður frekar kafað í ruglið í setningu dómara hér að ofan. En framhaldið er svona:

*“Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 skulu vextir þegar svo stendur á vera á hverjum tíma jafnháir vöxtum, sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lægstu vöxtum á nýjum almennum óverðtryggðum útlánum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.”*

Í setningunni hér er fyrir ofan **er farið svolítið frjállega með sannleikann og rétta túlkun laga.** Í setningunni segir svo:

*“Samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr. laga nr. 38/2001 skulu vextir þegar svo stendur á”..*

Þetta er að sjálfsgöðu ekki rétt. Í 4. gr. laga 38/2001 stendur þetta:

*“Þegar greiða ber vexti skv. 3. gr., en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin.”*

Eins og þarna kemur fram stendur ekki í lögnum að: *“skulu vextir þegar svo stendur á”*. Í lögnum segir að þegar greiða ber vexti: *en hundraðshluti þeirra eða vaxtaviðmiðun er að öðru leyti ekki tiltekin,*” Skuli fara eftir lögum sem Seðlabankinn ákveður.

Eins og þarna sést, er einungis heimilt að beita umræddu ákvæði 4. gr. laga nr. 38/2001 ef **ENGIN vaxtaþróseta er tilgreind í lánasamningnum**. Þá má reikna vexti Seðlabankans. Í þeim lánasamningi sem hér um ræðir, **var vaxtaþróseta vel skilgreind** eins og sjá má af eftirfarandi skráð af Hæstarétti.

*“Ofan við þetta yfirlit kom fram að „lengd láns“ væri 71 mánuður og væru vextir „JPY 3,53%“ og „CHF 5,15%“ eða að meðaltali 4,34%, en einnig var við fyrirsögnina „Vaxtaálag“ tekið fram að það væri „Vildarkjör.“ Ekki er ágreiningur með aðilunum um að í framangreindu hafi falist að vextir samkvæmt samningi þeirra myndu svara til meðaltals svonefndra LIBOR vaxta af þeim tveimur myntum, sem tilgreindar voru til viðmiðunar gengistryggingu í samningnum, með 2,9% álagi, sem svari til þeirra vildarkjara sem vísað var til í honum”.*

Eins og þarna kemur greinilega fram, **voru vaxtaþróseta (hundraðshluti) skýrt skilgreind í lánasamningnum**. Þar af leiðandi er með öllu óheimilt, í þessu máli, að nota upphaf 4. gr. laga nr. 38/2001, þar sem forsendur fyrir að beita henni eru ekki til staðar. **Í lánasamningi máls þessa er skýrt og greinilega tiltekið hundraðshluti vaxta og vaxtaviðmið.**

Lítum þá á seinna atriðið sem er áherslumerkt í forsendum dómanna, sem vikið er að hér að framan. Þar segir eftirfarandi um vexti:

*“sem Seðlabanki Íslands ákveður með hliðsjón af lágstu vöxtum á nýjum almennum óverðtrygðum útlánnum hjá lánastofnunum og birtir eru samkvæmt 10. gr. laganna.”*

Þarna er vísað til þess að Hæstaréttardómarar á Íslandi setji í dómsniðurstöðu sína að **Seðlabanki Íslands ákveði vexti**. Hvað segir 10. gr. laga nr. 36/2001 Lög um Seðlabanka Íslands, um heimildir Seðlabanka til að ákveða vexti.

*“10. gr. Seðlabanki Íslands ákveður vexti af innlánnum við bankann, af lánnum sem hann veitir og af verðbrefum sem hann gefur út.”*

Eins og þarna kemur fram, er Seðlabanka **EINUNGIS** heimilt að ákveða vexti: *“af innlánnum við bankann, af lánnum sem hann veitir og af verðbrefum sem hann gefur út.”*

Sá lánasamningur sem var fyrir dómi í þessu umrædda máli, var ekki vegna láns frá Seðlabankanum, enda hefur hann ekki heimild til að lána öðrum en lánastofnunum.

Hvað getur valdið því **að dómarar við æðsta dómstig þjóðarinnar geri sig seka um aðra eins glópsku og hér kemur fram**, að halda að Seðlabankinn hafi heimild til að ákveða vexti á frjálsum viðskiptamarkaði?

Ekki verða dregnar fram fleiri vitleysur í þessum dómum en hér hafa verið gerðar. Ég hvet fólk til að íhuga hvar eigi að stefna dómurum æðsta dómstigs þjóðarinnar, fyrir svo óhæf vinnubrögð sem hér hafa verið dregin fram. Greinilegt er að alla vega þessir fimm dómarar sem hér um ræðir, bera hvorki virðingu fyrir sjálfum sér, dómstólnum og embættinu sem þeir gegna eða þeirri mikilvægu undirstöðu friðar og réttlætis, sem sannleikur og heiðarleiki er.

Með von um að óheiðarleika og óhæfum vinnubrögðum ljúki sem fyrst í réttarkerfi okkar.

Reykjavík 11. nóvember 2011

Guðbjörg Jónsson